

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnes
801 Selfoss

Garðabær, 1. febrúar 2024
Málsnúmer: 202311-0037
IAS

Efni: Efnistökusvæði Haga 2, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Við er í erindi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi, dags. 22. desember 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna fyrirhugaðrar efnistöku í landi Haga 2.

Skilgreint verður 1,5 ha efnistökusvæði í landi Haga 2 þar sem heimilt verður að vinna allt að 45 000 m³ af efni en landeigandi hefur áður tekið þar lítilháttar af efni til eigin nota. Á svæðinu er talið vera 2-4 m þykkt lag af mól sem getur nýst hvort sem er til vegagerðar eða annarra framkvæmda.

Samkvæmt lýsingu á á námunni í Töflu 1. í greinargerðinni skal leitast við að halda svarðlagi til haga og nýta það við frágang námunnar og jafnóðum skal ganga frá námunni þegar efnistöku lýkur á einu svæði.

Svæðið er utan verndarsvæða og þar eru engin vistkerfi eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina og er með eftirfarandi athugasemdir. Fram kemur í greinargerðinni að efnið sem á að taka sé mól en ekki kemur fram hvort eitthvað þurfi að vinna efnið áður en það verður nýtt og þá hvernig og hvort það verði gert á staðnum eða á einhverjum öðrum stað. Náttúrufræðistofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

